



Grenndarkynning

Kópavogi, 5. júní 2026
26051988/501.05 KH

Smiðjuvegur 11. Byggingarleyfisumsókn.

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 26. maí 2026 var samþykkt að grenndarkynna byggingarleyfisumsókn vegna lóðarinnar nr. 11 við Smiðjuveg fyrir hagsmunaaðilum að Smiðjuvegi 11, 11A, og Fossvogsbrún 8 og 10.

Sótt er um að byggja 27m² anddyri norðan megin við iðnaðar- og atvinnuhúsnæði á lóð nr. 11 við Smiðjuveg (mhl. 01). Fyrirhuguð viðbygging verður nýr inngangur inn í verslunarrýmið, um leið verður fimm stórum gluggum lokað. Jafnframt verður bætt við milligólfi, samtals 400 m² viðbót.

Tillagan er sett fram á uppráttum dags. 30. október 2025.

Ofangreind kynning er aðgengileg í Skipulagsgátt, www.skipulagsgatt.is málsnr. 7172026, á vef Kópavogsbæjar <https://eldri.kopavogur.is/is/umhverfismal/skipulagsmal/skipulag-i-kynningu> og í þjónustuveri Kópavogsbæjar að Digranesvegi 1.

Þau sem telja sig eiga hagsmuna að gæta eru hvött til að kynna sér tillöguna. Athugasemdum og ábendingum við ofangreinda tillögu skal skila í gegnum Skipulagsgátt www.skipulagsgatt.is, málsnr. 717/2026, eigi síðar en 8. júlí 2026.

Ef óskað er frekari upplýsinga um tillöguna má hafa samband við starfsfólk skipulagsdeildar með því að senda tölvupóst á skipulag@kopavogur.is.

Vakin er athygli á að athugasemdir teljast til opinberra gagna í allri skipulagsmeðferð. Skipulagsfulltrúi Kópavogsbæjar notar upplýsingar sem eru settar fram vegna athugasemda við skipulag til úrvinnslu og auðkenningar. Kópavogsbær er afhendingarskyldur aðili samkvæmt lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 og afhendir gögnum til varðveislu til Þjóðskjalasafns Íslands.

Vakin er athygli á 44. gr. skipulagslaga 123/2010 en þar segir meðal annars:

- Þegar sótt er um byggingar- eða framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmd sem er í samræmi við landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar í þegar byggðu hverfi og deiliskipulag liggur ekki fyrir eða um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi skal skipulagsráð láta fara fram grenndarkynningu.
- Grenndarkynning felst í því að skipulagsráð kynnir nágrönnum sem taldir eru geta átt hagsmuna að gæta leyfisumsókn eða tillögu að breytingu á skipulagsáætlun og gefur þeim kost á að tjá sig um hana innan tilskilins frests sem skal vera a.m.k. fjórar vikur. Að þeim fresti liðnum og þegar sveitarstjórn hefur afgreitt málið skal þeim sem tjáðu sig um það tilkynnt niðurstaða sveitarstjórnar. Þegar um óverulega breytingu á deiliskipulagi er að ræða sendir sveitarstjórn Skipulagsstofnun samþykka deiliskipulagsbreytingu.
- Skipulagsráði er heimilt að stytta tímabil grenndarkynningar ef þeir sem hagsmuna eiga að gæta, sbr. 1. mgr., hafa lýst skriflega yfir með áritun sinni á kynningargögnum áður en fjórar vikur eru liðnar að þeir geri ekki athugasemdir við skipulagstillöguna eða hina leyfisskyldu framkvæmd. Skipulagsráði er heimilt að falla frá grenndarkynningu ef sýnt er fram á að breyting á deiliskipulagi eða leyfisskyld framkvæmd varði ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins og/eða umsækjanda.
- Þegar um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi skal sveitarstjórn birta auglýsingu um samþykkt deiliskipulags í B-deild Stjórnartíðinda. [Hafi auglýsing um óverulega breytingu á deiliskipulagi ekki verið birt í B-deild Stjórnartíðinda innan árs frá samþykki sveitarstjórnar telst breytingin ógild.]

Virðingarfyllt,
f.h. skipulagsfulltrúa

Karlotta Helgadóttir
Fulltrúi skipulagsdeildar

